



Skýrsla æskulýðsnefndar 2020–2021

Elfur Erna Harðardóttir
Erna Björk Jónasdóttir
María Harðardóttir
Soffía Eydís Björgvinsdóttir
Sæbjörg Einarsdóttir

INNGANGUR

Starf barna- og unglinga í Hestamannafélaginu Sóta var með líflegu móti veturinn 2020–2021 og var þátttaka í viðburðum á vegum æskulýðsnefndar og félagsins almennt mjög góð hjá þessum aldurshópi. Viðburðir voru þó heldur færri en áætlað hafði verið vegna Covid-19.

NÁMSKEIÐ

Veturinn 2020 stóð æskulýðsnefnd kennslu í Knapamerkjum 1 og 2 og var kennari Friðdóra Bergrós Friðriksdóttir. Bókleg kennsla fór fram í september og október og voru 11 nemendur á hvoru námskeiði fyrir sig. Verkleik kennsla í Knapamerkjum 1 hófst í lok október og lauk með prófi um miðjan desember. Verkleik kennsla í Knapamerkjum 2 hófst í janúar í nýrri reiðhöll Sóta og lauk með prófi um miðjan mars.

Auk knapamerkjanámskeiða voru allnokkur börn og unglingar sem tóku þátt í reiðnámskeiði hjá Atla Guðmundssyni reiðkennara, sem haldið var á vegum Sóta.

Frá afhendingu skirteina vegna Knapamerkja 2.





Frá jólastundinni í desember.

SKEMMTANIR

Jólastund æskulýðsnefndar Sóta var haldin í félagshúsinu 21. desember. Þar var hlustað á jólatónlist og boðið upp á heitt súkkulaði og smákökur. Haldinn var pakkaleikur þar sem allir komu með pakka sem innihélt glaðning sem tengdist hestum, og svo var skiptst á pökkum. Mæting var góð og allir í jólaskapi.

Þann 18. mars stóð æskulýðsnefnd fyrir ferð í Keiluhöllina þar sem spiluð var keila og eftir það borðað á Shake&Pizza. Þátttaka var góð.

MÓT

Hestamannafélagið Sóti stóð fyrir vetrarleikum sem gekk út á að safna stigum úr þremur mótum. Þátttaka barna og unglunga var frábær og tóku flestir þátt. Sömu sögu er að segja um opið íþróttamót Sóta þar sem þátttaka ungu kynslóðarinnar var góð.

REIÐTÚRAR OG FERÐIR

Æskulýðsnefnd Sóta stóð fyrir páskareið þann 2. apríl og hópreið 17. apríl. Auk þess tóku allnokkrir unglingar þátt í konudagsreið Sóta sem haldin var 21. febrúar. Frábær þátttaka var síðan í sumarferð Sóta sem farin var 4.–6. júní.

FRAMUNDAN

Komandi vetur fer vel af stað í æskulýðsstarfi Sóta. Í september hófst námskeið í knapamerkjum 3 og eru nemendur átta talsins. Kennari er Friðdóra Bergrós Friðriksdóttir.

Æskulýðsnefnd stefnir á viðburðaríkan vetur í námi og skemmtun!